

## Fundargerð fræðsluráðs Húnaþings vestra.

155. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 5. nóvember 2014, kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Þorsteinn Guðmundsson varamaður og Hannes Pétursson varamaður.

**Embættismenn:** Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri og Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

**Fundarritari:** Esther Hermannsdóttir

### Dagskrá:

1. Karl B. Örvarsson framkvæmdastjóri og Halldóra Árnadóttir rekstrar- og dagskrárstjóri Skólabúðanna í Reykjaskóla mæta á fundinn kl. 15:10 Farið yfir fyrirkomulag og starfsemi.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 16. Kynning á nýjum starfsmönnum skólans, nemendafjölda og drög að málörvunar- og læsisstefnu.
3. Kynningarfundur fyrir Norðurland vestra um vinnumat grunnskólakennara 13. nóv.
4. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Karl B. Örvarsson framkvæmdastjóri og Halldóra Árnadóttir rekstrar- og dagskrárstjóri Skólabúðanna í Reykjaskóla mæta á fundinn. Formaður bauð Karl og Halldóru velcomin á fundinn. Bréf frá kennurum í Ölduselsskóla rætt. Forsvarsmenn Skólabúðanna gerðu grein fyrir sinni hlið málsins og starfsemi Skólabúðanna almennt. Lagður fram starfsmannalisti. Metaðsókn er að Skólabúðunum og eftirspurn mikil. Karli og Halldóru þökkuað koma á fundinn.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans mættu á fundinn. Skólastjóri gerði grein fyrir nemendafjölda í skólanum, á eldra stigi eru 21 barn og 21 á yngri stigi, í leikskólanum á Borðeyri eru 4 börn. Við skólann eru nú starfandi 12 starfsmenn. Rætt um drög að málörvunar- og læsisstefnu, þróunarverkefnið „Orð af orði“ og endurmenntun í leikskóla. Börn úr leikskólanum Ásgarði eru að koma vel út í læsiskönnunum. Guðrúnu Láru og Sigríði Elvu þökkuað koma á fundinn.
3. Formaður fræðsluráðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, skólastjóri grunnskólans og sveitarstjóri eru boðaðir á kynningarfund um vinnumat grunnskólakennara 13. nóv. nk. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:40

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Þorsteinn Guðmundsson

Hannes Pétursson

Guðný Hrund Karlsdóttir

Esther Hermannsdóttir